

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

Tillaga að samþykktarbreytingum á ársfundi 16. maí 2012

Úr grein 6. fellur setningin:

Endurskoðandi Akureyrarbæjar er endurskoðandi sjóðsins.

Í stað hennar kemur:

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Úr grein 8. staflið E fellur:

Gerð er grein fyrir endurskoðanda sjóðsins.

Þess í stað kemur ný setning:

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarkrifstofu. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Úr grein 29. staflið g fellur:

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélaga. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru í samvistum, eiga barn saman eða konan þunguð eða sambúðin varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem sannanlega hefur annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

Þess í stað kemur ný setning:

Maki sjóðfélaga samkvæmt þessari grein telst sá, eða sú sem var í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem mátti jafna til hjúskapar við andlátíð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru í samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem sannanlega hefur annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans.